




Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

ÁRSPING BTÍ 2008

Árสปing Borðtennissambands Íslands 2008 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 16. nóvember 2008. Númer liða eru í samræmi við númer í dagskrá þingsins skv. lögum BTÍ.

1. Þingsetning. Örn Andrésson, formaður starfsstjórnar BTÍ, setti þingið.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Örn stakk upp Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Ástu M. Urbancic sem fundarritara. Kjör þeirra var samþykkt samhljóða.

Fyrst á dagskrá var að ljúka ársþingi BTÍ frá 18. október 2007, sem var frestað. Hafsteinn lagði til að það sem eftir stóð af dagskrá þingsins 2007 yrði flutt yfir á dagskrá þingsins 2008. Enginn mótmælti.

3. Staðfest lögmæti þingsins. Þingið telst vera löglega boðað. Enginn mótmælti því.

4. Kjörbréfanefnd. Í nefndina voru valdir: Ólafur Ólafs, Kristján Rafn Hjartarson og Hlöðver Þorsteinsson. Nefndin tók þegar til starfa. Þegar nefndin hafði lokið störfum las Ólafur upp kjörbréf (nema Borðtennisklúbbsins Arnarins). Aðalfulltrúar, sem höfðu rétt til að sækja þingið, voru 28. Mættir voru fulltrúar frá öllum félögum nema Akri og Garpi. Annar fulltrúi Arnarins mætti ekki og voru því alls 23 fulltrúar mættir. Nefndin lagði til að Kristján Jónasson og Tómas Björnsson færu með atkvæði ÍFR. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

Fulltrúar frá ÍBR-ÍFR (2): 1. Kristján Jónasson; 2. Tómas Björnsson.

Fulltrúar frá ÍBR-KR (6): 1. Kjartan Briem; 2. Hlöðver Þorsteinsson; 3. Kristján Viðar Haraldsson; 4. Ingólfur Sveinn Ingólfsson; 5. Guðrún G. Björnsdóttir; 6. Arna Dungal.

Fulltrúar frá ÍBR-Vikingi (7): 1. Pétur Ó. Stephensen; 2. Ólafur Ólafs; 3. Daði Guðmundsson; 4. Matthías Stephensen; 5. Magnús K. Magnússon; 6. Magnea Ólafs; 7. Magnús F. Magnússon.

Fulltrúar frá ÍBR-Ernum (2): 1. Árni Siemsen; 2. Jóhann Örn Sigurjónsson (ekki mættur, né varamenn).

Fulltrúar frá HSK-Dímon (4): 1. Ásta Laufey Sigurðardóttir; 2. Ólafur Elí Magnússon; 3. Sigurjón Sváfniðsson; 4. Björgvin Daníelsson.

Fulltrúar frá UMSK-HK (3): 1. Bjarni Þorgeir Bjarnason; 2. Kristján Rafn Hjartarson; 3. Snorri Páll Einarsson.

5. Fundargerð síðasta þings. Fundargerð ársþingsins 2007 var send út með þinggögnum og hefur verið aðgengileg á vefsvæði BTÍ frá síðasta ári.

6. Afhending viðurkenninga. Örn Andrésson veitti fjórum einstaklingum gullmerki BTÍ í viðurkenningarskyni fyrir störf þeirra að borðtennismálum. Gullmerki fengu Kristján Jónasson, Ásta M. Urbancic, Pétur Stephensen og Kristján Viðar Haraldsson. Einnig veitti Örn Pétri Stephensen gullmerki ÍBR í tilefni af 100 afmæli Víkings fyrr á árinu.

7. Ávörp gesta. Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, ávarpaði þingið og bar kveðju framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Hann sagði góðan anda og vilja til samstarfs hafa ríkt á fundum borðtennisfólks með ÍSÍ. Ólafur þakkaði þeim sem hafa starfað fyrir sambandið. Hann sagði það vera jákvætt að sambandið væri skuldlaust en benti á að tekjur þess kæmu aðallega frá einum aðila. Það væri áskorun fyrir næstu stjórn að breyta þessu en umhverfið væri erfitt eins og staðan væri í þjóðfélaginu.

8. Skýrsla fráfaramandi stjórnar. Örn Andrésson, formaður starfsstjórnar BTÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar. Hann fór yfir tildrög þess að starfsstjórn var skipuð á síðasta ársþingi og vinnu stjórnarinnar frá þinginu í október 2007. Starfshópur, sem fór yfir skilgreiningar á iðkendahugtakinu, skilaði áliti í haust. Starfsstjórnin lagði áherslu á að halda þeim verkefnum gangandi sem lágu fyrir og gekk það vel. A-landsliðið tóku þátt í heimsmeistaramótinu í Kína og karlaliðið fór á Norður-Evrópumótið í Danmörku. Guðmundur Stephensen var sendur á tvö úrtökumót fyrir Ólympíuleikana en því miður tókst honum ekki að tryggja sér þátttöku. Þá tók Guðmundur þátt í Evrópumeistaramóti fullorðinna. Þjálfaranámskeið ITTF var haldið á árinu. Þá þakkaði formaðurinn samstarfsfólki sínu og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

9. Reikningar BTÍ lagðir fram. Kristján Jónasson, gjaldkeri starfsstjórnarinnar, lagði fram reikninga ársins 2007. Kristján sagði sambandið vera skuldlaust í fyrsta skipti í mörg ár. Tap var á rekstri ársins upp á kr. 109.544.

10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Örn Andrésson kvað starfsstjórnina hafa ákveðið að skera niður gamla skuldahala, sem flestir voru frá því fyrir árið 2004. Hann taldi haldbært fé sambandsins vera 2-3 milljónir króna. Örn hvatti nýju stjórnina til að sækja þá styrki, sem hægt sé að fá. Ekki hefur verið sótt um ríkisstyrk að upphæð kr. 1.700.000 kr. en sótt hefur verið um aðra styrki sem sambandið átti möguleika á að sækja um. Engin eigin fjáröflun hefur verið í gangi hjá sambandinu. Ólafur Elí Magnússon spurði um húsaleigu sem er fyrir herbergi BTÍ á 4. hæð í Laugardal.

11. Reikningar samþykktir. Reikningarnir og skýrsla stjórnar voru samþykkt samhljóða.

12. Fjárhagsáætlun. Sigurður Valur Sverrisson lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Þar er gert ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 370.000 kr. Hann sagði vera tækifæri til að sækja um

fleiri styrki, t.d. um norrænan styrk fyrir verkefni með öðrum Norðurlöndum. Hann benti á að kaupa þyrfti nýja tölvu. Umræðu um fjárhagsáætlunina var frestað að tillögu fundarstjóra.

13. Lagabreytingar. Fyrir þinginu lágu tillögur frá starfsstjórn til breytinga á 2., 4., og 5. gr. laga BTÍ vegna álits starfshóps um skilgreiningu á iðkendum. Einnig voru lagðar fram tillögur frá Ástu M. Urbancic til breytinga á 6. og 10. gr. laganna.

Tillögur starfsstjórnar BTÍ til breytinga á lögum BTÍ:

2. grein hljóðar þannig:

“Borðtennissamband Íslands er samband borðtennisráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eru öll félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í borðtennis, aðilar að BTÍ.”

Tillaga um breytingar:

“Borðtennissamband Íslands er samband borðtennisráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eru öll félög innan ÍSÍ þar sem borðtennis er iðkað þar sem fram fara reglulegar borðtennisæfingar ásamt keppni iðkenda á mótum BTÍ, fullgildir aðilar að BTÍ.”

4. grein hljóðar þannig:

“c) Aðeins fulltrúar fullgildra félaga hafa rétt til atkvæða á þingum og fundum sambandsins.”

Tillaga um breytingar:

“c) Aðeins fulltrúar fullgildra félaga samkvæmt 2. grein hér á undan hafa rétt til atkvæða á þingum og fundum sambandsins.”

5. grein hljóðar þannig:

“Fulltrúafjöldi á borðtennisþing:

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda í borðtennis um síðustu áramót þannig að:

- a) Fyrir allt að 25 koma 2 fulltrúar.
- b) Síðan einn fyrir hverja 25 eða brot úr 25 í allt að 50 iðkendur.
- c) Síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendur.
- d) Þá 1 fulltrúa fyrir hverja 100 eða brot úr 100 iðkendur.

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.”

Tillaga um breytingar:

“Fulltrúafjöldi á borðtennisþing:

Fulltrúafjöldi hvers sambandsaðila fer eftir tölu þeirra einstaklinga sem eru í fullgildu félagi innan BTÍ og eru skráðir á styrkleikalista BTÍ í borðtennis á fjögurra ára tímabili frá síðustu áramótum. Fyrst skal telja þingfulltrúa hvers fullgilds félags og samanlagður þingfulltrúafjöldi félaga mynda síðan þingfulltrúafjölda hvers borðtennisráðs, héraðssambands og íþróttabandalags þannig að:

- a) Fyrir allt að 25 koma 2 fulltrúar.
- b) Síðan einn fyrir hverja 25 eða brot úr 25 í allt að 50.
- c) Síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200.
- d) Þá 1 fulltrúa fyrir hverja 100 eða brot úr 100 iðkendur.

Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.”

Tillögur Ástu M. Urbancic til breytinga á lögum BTÍ:

6. grein. Ásta leggur til breytingu á 6. gr. laga BTÍ um þinghald þannig að borðtennisþing verði haldið árlega en ekki annað hvert ár:

„Borðtennisþing skal haldið í apríl ár hvert. Þingið skal boða með mánaðar fyrirvara.“

Upphaf 6. gr. hljómar þá þannig:

„Þinghald

Borðtennisþingið fer með æðsta vald í málefnum BTÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda BTÍ.

Borðtennisþing skal haldið í apríl ár hvert. Þingið skal boða með mánaðar fyrirvara.“

10. grein. Við 10. gr. laga, lið c) um starfssvið stjórnar BTÍ, bætist við setning: „Stjórn BTÍ er ekki heimilt að breyta reglugerðum BTÍ á milli ársþinga.

10. grein c) verður þá þannig:

„c) að semja leikreglur og reglugerðir fyrir borðtennis. Stjórn BTÍ er ekki heimilt að breyta reglugerðum BTÍ á milli ársþinga, “

Umræðu um tillögurnar var frestað að sinni og farið í lið 14.

14. Umræður og afgreiðsla á öðrum tillögum sem þinginu hafa borist. Lagt hefur verið til að aukapring verði boðað í janúar sem fjalli um þær fjölmörgu breytingar á reglugerðum sem liggja fyrir þinginu.

Á föstudagskvöldið 14. nóvember kom fram tillaga til lagabreytinga sem er of seint fram komin skv. lögum BTÍ. Fundarstjóri taldi að kynna ætti tillöguna en til þess að hún fái tekni fyrir þarf að leita afbrigða og þarf aukinn meirihluta (2/3 atkvæða) til samþykktar. Enginn mótmælti að tillagan yrði tekin á dagskrá.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á 9. grein laga BTÍ um stjórnarkjör:

Eftirfarandi setning verði tekin út:

„Kjóra skal einnig 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti, er aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir eru kosnir. “

og í staðinn kemur eftirfarandi setning inn:

„Hverju framboði til stjórnar skal jafnframt fylgja framboð til varamanns þess stjórnarmanns. Með kosningu stjórnarmanns er þá jafnframt kosinn varamaður hans og tekur hann sæti síns aðlmanns ef hann forfallast. Varamenn verða því jafnmargir og stjórnarmenn eða 5 talsins. Stjórn BTÍ kemur sér saman um röð varamanna sem koma inn ef hinn kjörni varamaður stjórnarmannsins forfallast einnig. Ef formaður stjórnar forfallast öðlast varaformaður stöðu formanns meðan á forföllum hans stendur en varamaður formanns hefur stöðu meðstjórnanda innan stjórnar. „

Leitað var álits laganefndar ÍSÍ á meðan gert var stutt hlé og síðan rætt um aðrar tillögur til lagabreytinga undir lið 13.

13. framhald.

- 2. grein. Snorri Páll Einarsson spurði hvort lokað væri fyrir keppni þeirra sem ekki hafa æft, þ.e. hvað séu reglulegar æfingar? Björn Brynjar svaraði að þetta séu tillögur starfshópsins en að það ætti að skilgreina hvað séu reglulegar æfingar. Kjartan Briem sagði að ekki sé rætt um einstaka leikmenn heldur sé átt við að reglulegar æfingar fari fram hjá félaginu. Kjartan taldi að samþykkt hefði verið á síðasta þingi að tillögur starfshópsins væru bindandi. Guðrún G. Björnsdóttir velti því upp hvort hægt væri að

miða t.d. við skil ársskýrslna. Snorri Páll var sammála Guðrúnu og taldi jafnvel að sleppa mætti 2. gr. Örn var sammála Kjartani en taldi heimilt að laga orðalag tillagna starfshópsins. Hann benti á að á Húsavík eru ekki skráðir leikmenn þrátt fyrir að þar sé borðtennisstarf. Pétur Stephensen ræddi um ferlið við að stofna borðtennisfélag og sagði borðtennisfólk fagna því að fá fleiri deildir innan félaga. Ólafur Ólafs beindi því til stjórnar BTÍ að leita að starfsemi sem ekki kemur fram núna. Hann tók undir með Snorra um að þörf sé á afdráttarlausum skilgreiningum. Hafsteinn sagði nefnd vera starfandi á vegum framkvæmdastjórnar ÍSÍ um skilgreiningar á iðkendum sem skili niðurstöðu fyrir næsta þing. Laganefnd ÍSÍ mun taka tillögurnar til skoðunar. Guðrún lagði til að sett yrði fram nánari skilgreining á æfingatíma, t.d. að æfingar færu fram a.m.k. mánaðarlega. Hafsteinn lagði til að málinu yrði vísað til næstu stjórnar og var tillaga hans samþykkt.

- 4. grein. Hafsteinn Pálsson leggur til að orðin „hér á undan“ fari út. Tillagan var samþykkt samhljóða með breytingu Hafsteins.
- 5. grein. Sigurður Valur Sverrisson benti á að í þessari tillögu fælust miklar breytingar frá því sem verið hefur og gæti tillagan hvatt til þess að ný félög væru stofnuð eingöngu til að fjölga þingfulltrúum. Hann taldi að inngangurinn ætti að falla út. Kristján Viðar Haraldsson leit svo á að tillögur starfshópsins væru bindandi. Kjartan Briem sagði sáttina innan hreyfingarinnar byggjast á því að hlíta niðurstöðum starfshópsins. Snorri Páll benti á að UMSK og HK voru ekki þátttakendur á síðasta þingi og áskildu sér rétt til að spyrja spurninga. Ólafur Ólafs tók undir með Kjartani. Sigurður benti á að fulltrúum á þingi muni fækka verði hans tillaga samþykkt. Örn taldi að þá væri verið að brjóta þá sátt sem hefði náðst.

Breytingartillaga Sigurðar Sverrissonar var lögð fram til atkvæðagreiðslu og hljóðaði hún þannig: „Setningin frá „Fyrst skal telja.“ detti út.“ Örn Andrésson lagði til að tillagan yrði felld. Tillagan var síðan felld með öllum greiddum atkvæðum. Tillaga starfsstjórnarinnar til breytinga á 5. grein var síðan samþykkt mótatkvæðalaust.

- 6. grein. Ásta M. Urbancic kynnti tillögur sínar til breytinga á 6. og 10. grein og sagði þær hanga saman. Snorri Páll lýsti sig sammála tillögu til breytinga á 6. grein og lagði til að hún tæki gildi árið 2010. Kjartan lagði til að sagt sé: „Ákvæði til bráðabirgða. Taki gildi frá 2010. Breytingartillagan við tillögu Ástu var samþykkt og síðan var tillagan samþykkt samhljóða.
- 9. grein. Breytingartillaga barst frá laganefnd ÍSÍ við tillögur Snorra Páls til breytinga á þessari grein. Greinin hljóðar þá svo í heild sinni:

„Stjórn BTÍ skipa 5 menn, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritara og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum.

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu tilnefna sinn varamann hver og tekur hann sæti síns aðalmanns ef hann forfallast. Varamenn verða því jafnmargir og stjórnarmenn eða 5 talsins. Stjórn BTÍ kemur sér saman um röð varamanna sem koma inn ef hinn tilnefndi varamaður forfallast einnig. Ef formaður stjórnar forfallast öðlast varaformaður stöðu formanns meðan á forföllum hans stendur en varamaður formanns hefur stöðu meðstjórnanda innan stjórnar.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.,,

Í umræðum lagði Snorri Páll áherslu á að félögin væru virk og með samþykkt tillögunnar ættu þau hvert sinn fulltrúa sem hefði sína stefnu. Sigurður Sverrisson lýsti sig andvígán þessari breytingu og taldi að stjórnarmenn ættu að vinna fyrir heildina en tillagan geri ráð fyrir að stjórnarmenn séu fulltrúar félaga. Kristján Viðar Haraldsson var sammála Sigurði en Kjartan Briem studdi tillögu Snorra. Pétur Stephensen lýsti sig líka sammála tillögunni. Tillagan var síðan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu mótatkvæði.

- 10. grein. Tillagan hljóðar þannig með breytingartillögu Kjartans Briem: „Eingöngu er heimilt að breyta reglugerðum BTÍ á þingum BTÍ.“ Snorri Páll taldi erfitt að hafa þessa setningu í lögum ef aðkallandi væri að breyta reglum en Kjartan taldi hættulegt að hafa þetta ákvæði ekki inni. Með þessu ákvæði væru reglugerðarbreytingar betur ígrundaðar. Fundarstjóri sagði það misjafnt á milli sambanda hvernig þessu sé háttað. Í sumum samböndum breytir stjórn aðeins reglugerðum að undangengnum formannafundi. Snorri taldi að treysta ætti stjórninni til að starfa með félögum og boða ætti aukapíng ef þarf að breyta reglum. Pétur Stephensen var sammála Snorra. Ólafí Ólafs og Hlödver Þorsteinssyni leist vel á að boða formannafund. Sigurður Sverrisson lagði til að tillagan yrði felld og Ólafur var sammála. Ásta minnti á að tillagan ætti ekki aðeins við næstu stjórn heldur yrði hluti af lögum BTÍ til frambúðar. Í atkvæðagreiðslu var tillagan felld með 9 atkvæðum gegn 8.
- Að því loknu voru lögin í heild borin upp til samþykktar með áorðnum breytingum og voru þau samþykkt samhljóða.

14. framhald. Tillaga um að aukapíng sem fjalli um breytingar á reglugerðum var tekin til umræðu. Lagt var til að boðað verði aukapíng fyrir lok janúar sem fari yfir tillögur til breytinga á reglugerðum BTÍ. Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. framhald. Þá fór fram umræða um fjárhagsáætlun. Áætlunin einkennist af mikilli óvissu. Fundarstjóri taldi að veganesti næstu stjórnar verði að fara varlega í fjármálum. Örn benti á að nýtt Ólympíutímabil sé að hefjast og fjármögnun afrekssjóðs og styrkja til ungra og efnilegra leikmanna sé ekki ljós. Ólafur Ólafs lagði til að hætt verði að innheimta þátttökugjöld í mót. Snorri Páll var ekki sammála og taldi að gera ætti deildirnar ábyrgar fyrir skilum þátttökugjalda. Guðrún G. Björnsdóttir lýsti sig sammála Snorra, sem og Kristján Viðar og Ásta. Örn segir kostnað við þátttökugjöld í mótum varla duga fyrir verðlaunapeningum og vill

færa mótahald á hærra plan. Kjartan sagði að hreyfingin verði að fara eftir sínum eigin reglum sem til eru um þessi mál. Pétur Stephensen vill ekki hækka þátttökugjöld í þessu árferði. Kristján Jónasson benti á að kostnaður við mótahald fari hækkandi og að dýrara ætti að vera að taka þátt í Grand Prix mótum. Síðan var fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

15. Kosning stjórnar og varamanna. Nýr formaður var kosinn Snorri Páll Einarsson, sem var tilnefndur af HK. Varamaður hans verður Kristján Rafn Hjartarson. Aðrir stjórnarmenn voru kosnir (varamenn þeirra í sviga): Helgi Þór Gunnarsson, tilnefndur af Akri (Elvar Thorarensen), Ólafur Elí Magnússon (Björgvin Daníelsson) tilnefndur af Dímon, Jón Ingi Árnason (Hlökkver Þorsteinsson) tilnefndur af KR og Daði Freyr Guðmundsson (Tryggvi Áki Pétursson) tilnefndur af Víkingi.

16. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Örn Andrésson og Árni Siemsen.

17. Kjör í borðtennisdómstól. Skv. 14. gr. laga BTÍ á að kjósa í borðtennisdómstól en þessi mál fara nú fyrir dómstól ÍSÍ. Þar sem tillaga um breytingar á þessari lagagrein lá ekki fyrir þinginu var ákveðið að vísa kjörinu til stjórnar BTÍ, sem mun leggja breytingartillögu á lögunum fyrir næsta þing BTÍ.

18. Val fulltrúa á íþróttaping. Vali fulltrúanna var vísað til stjórnar.

19. Önnur mál. Ásta M. Urbancic ræddi helstu álitamál um flokkun nýrra leikmanna inn í styrkleikalista og óskaði eftir hugmyndum frá þingfulltrúum. Hún hafði lagt tillögur til breytinga á reglugerð um styrkleikalista fram fyrir þingið. Ólafi Ólafs finnst óeðlilegt að konur skuli geta komið inn í meistaraflokk í styrkleikalista enda þótt þær hafi ekki keppt í 10 ár. Bjarni Þ. Bjarnason tók dæmi af leikmanni HK, sem hafði verið í landsliðinu en ekki keppt síðan 1980. Ásta taldi betra að leikmenn væru metnir of hátt en of lágt inn á listann þegar þeir sneru aftur til keppni en sagði nauðsynlegt að setja í reglugerð hvernig eigi að taka á þessum málum. Tómas Björnsson taldi að leikmenn sem ekki keppa lengi ættu að missa fleiri stig á milli ára. Ásta benti á að leikmenn missi ekki sig þótt þeir keppi ekki í einhvern tíma en að sú hugmynd hefði verið rædd.

Kjartan Briem þakkaði starfsstjórninni fyrir starf hennar og öðrum sem hafa unnið fyrir stjórn BTÍ. Hann lagði fram ýmsar hugmyndir fyrir nýkjörna stjórn og kallaði þær Snúum blaðinu við. Kjartani fannst of fá félög vera starfandi og að það sé nauðsynlegt að fjölga félögum. Hann taldi þjálfaranámskeið, sem haldið var á árinu, vera mjög jákvætt. Hann sagði þörf á að halda mót á fleiri stöðum. Kjartan sagði einn yfirburðamann vera í borðtennis á Íslandi en að öðru leyti sé árangur landsliða ekki mikill. Þá lýsti Kjartan framtíðarsýn sinni til næstu 5 ára. Hún felur í sér virka útbreiðslunefnd, stuðning við félög, útgáfu fræðsluefnis og endurvakið dómarafélag. Setja þarf framtíðarstefnu í unglingastarfi og byggja upp grunninn. Umgjörð móta verði glæsileg og mót haldin um allt land. Einnig verði Grand Prix mót

glæsilegri. Fenginn verði starfsmaður í hlutastarf. Leyfisgjöld verði tekin upp eins og í nágrannalöndunum og minni félög hvött áfram. Efla þarf heimasíðu BTÍ enn frekar en Björn Brynjar Jónsson á heiðurinn af uppsetningu hennar. Kjartan sagði öfluga styrktaraðila koma þegar vel gengi. Þá sýndi hann nafnalista yfir eldri spilara og taldi að margir þeirra myndu vilja leggja hönd á plóginn ef til þeirra væri leitað.

Kristján Jónasson óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Hann sagði draum Kjartans kosta sitt og taldi útbreiðslu íþróttarinnar vera aðalatriðið. Kristján þakkaði samstarfið í starfsstjórninni og þakkaði líka fyrir að hafa óvænt fengið gullmerki sambandsins.

20. Ávarp nýkjörins formanns. Snorri Páll Einarsson þakkaði fráfarandi stjórn fyrir þeirra starf sem og formönnum deildanna, sem studdu myndun nýju stjórnarinnar. Hann þakkaði fyrir þingið og sagði góðan anda hafa ríkt á þinginu. Nú væri búið að leiða fylkingarnar saman. Þá þakkaði hann Kjartani fyrir sitt framlag. Hann sagði meginatriði í uppbyggingarstarfi vera krakkana og stofnun nýrra deilda. Það mun kosta vinnu en stjórnin er tilbúin til að leggja hana á sig. Hlutverk annarra borðtennismanna er einnig mikilvægt. Snorri minnti á að áður fyrr hafi verið deildir í Stjórnunni og í Keflavík. Þá er starfandi borðtennismaður í FH og einnig hefur verið starfsemi í Mosfellsbæ. Átak þarf að gera á landsbyggðinni og þar er Dímon góð fyrirmynd. Á Norðurlandi er starf hjá Akri og á Húsavík. Víða eru krakkar að spila í skólum og þarf að hjálpa þeim að stofna deildir. Þetta starf þarf að byrja sem fyrst en það mun taka tíma að fjölga deildum. Jafnframt þarf að hlú að þeim deildum sem fyrir eru. Keppendur þurfa líka að taka þátt í alþjóðlegum mótum. Snorri minnti á að við erum öll í BTÍ og að sambandið er vettvangur þar sem ágreiningsmál eru leyst. Snorri mun starfa af heilindum og telur mikilvægt að fylkingar innar hreyfingarinnar verði sáttar. Jafnframt óskar hann eftir því að borðtennisfólk haldi áfram að starfa fyrir sambandið.

21. Þingslit. Örn Andrésson óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hann benti á að ríkisstyrkinn upp á 1.700.000 kr. má ekki nota til afreksstarfs, heldur sé hann ætlaður til að ráða starfsmenn eða til að sinna innra starfi sambandsins. Örn lýsti sig tilbúinn til að setjast niður með nýju stjórninni og fara yfir málin.

Hafsteinn Pálsson fundarstjóri óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju og óskaði þingfulltrúum góðrar heimkomu. Hann þakkaði gott þing og sleit þingi.

29. desember 2008

Ásta M. Urbancic